

Verkferill vegna manneklu í leikskólum Garðabæjar

Tilgangur

Tilgangur verklagsins er að tryggja að fram fari mat á aðstæðum þegar upp kemur sú staða að skortur er á starfsfólki í leikskólum Garðabæjar. Mannekla telst það þegar fjöldi barna á starfsmann fer yfir þau viðmið sem leikskólar Garðabæjar styðjast við, 8 barngildi á starfsmann. Tryggja skal viðbrögð og aðgerðir við manneklu með öryggi barna í huga og auðvelda þannig leikskólastjórum vinnu við að skipuleggja starfið. Verklagið gildir fyrir alla leikskóla í Garðabæ.

Ábyrgð leikskólastjóra

Leikskólastjórar bera ábyrgð á því að meta þörfina fyrir starfsfólk í ljósi fjölda barna og skipulags skólustarfs. Taka skal mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahópsins og umfangi sérkennslu *samkvæmt 6.gr. reglugerðar nr. 655/2009 um starfsemi leikskóla*. Auk þess skal á hverjum tíma meta hlutfall starfsfólks og barna sem mætt eru í skólann svo og á hvaða tíma dagsins vantar starfsfólk. Tölfræði barngildisútreikninga fyrir leikskólann skal notuð til hliðsjónar.

Stöðugildi leikskólastjóra, stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra, sérkennarar barna og starfsmanna í eldhúsi sem falla undir úthlutun samkvæmt 1. flokki sérkennsluviðmiða Garðabæjar frá 18. janúar 2017, falla ekki undir skilgreiningu um stöðugildi þegar mannekla er metin.

Aðgerðir sem gripið er til við manneklu:

- Starfsfólk færir milli deilda.
- Dagskipulag einfaldað.
- Starfsfólk lengi daglegan vinnutíma sinn, eftir því sem kostur er.
- Kalla er inn starfsfólk í afleysingar, eftir því sem kostur er.
- Frestað að taka inn ný börn.

Ef ofnagreindar aðgerðir ná ekki að tryggja öryggi barna er gripið til þess að senda börn heim.

Sé fyrirsjáanlegt að skerða þurfi vistunartíma barna vegna manneklu skal jafnræðis gætt þannig að vistunarskerðing komi sem jafnast niður á foreldrum barnanna á deildunum. Gæta skal þess að systkini fylgist að þegar börn eru send heim vegna manneklu. Undantekning frá þessu viðmiði er að börn starfsmanna í leikskólum Garðabæjar eru ekki send heim.

Foreldrum skal tilkynnt eins fljótt og auðið er ef skerða þarf vistunartíma barns. Þegar vistunartími er skertur dregst skerðingin frá leikskólagaldi.

Viðmið þegar séð er fram á að skerða dvalartíma barna

Jafnræðis skal gætt við framkvæmd eftirfarandi viðmiða:

- Peir foreldra sem hafa tök á beðnir að sækja börn sín fyrr.
- Dvalartími barna skertur (undanþegin eru börn sem njóta sérkennslu samkvæmt 1. flokki sérkennsluviðmiða Garðabæjar frá 18.janúar 2007).
- Leikskólinn lokar einstökum deildum fyrr á daginn.
- Leikskólinn lokar einstökum deildum alveg.

Ef grípa þarf til ofangreindra aðgerða er það fyrst og fremst gert til að tryggja öryggi barna og að leikskólinn geti sinnt kennsluhlutverki sínu samkvæmt aðalnámskrá leikskóla 2011 fyrir þau börn sem í skólanum eru hverju sinni. Einnig er hlutverk aðgerðanna að fyrirbyggja aukið álag á starfsmenn leikskóla.

Meti leikskólastjóri manneklu það mikla að nauðsynlegt sé að senda börn heim eða ef gera þarf breytingu á opnunartíma leikskóla, ber ávallt að tilkynna það leikskólafulltrúa Garðabæjar.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram í tilkynningu til leikskólafulltrúa um manneklu:

- Dagsetning á aðgerðum
- Upplýsinga um fjölda barna sem fara heim/eru heima
- Tímalengd á skerðingu á dvalartíma (allur dagurinn – hluti dags).

Skrá þarf fjarveru barna vegna ofangreindra aðgerða í skráningarkerfi leikskóla.

Ábyrgð leikskóladeildar - fræðsluviðs

Leikskólafulltrúi ber ábyrgð á verklagsreglunni og að henni sé viðhaldið. Hann tekur á mótí tilkynningum um manneklu í leikskólum og aðgerðum í tölvupóst og skráir formlega.

Verklag þetta ber að endurskoða árlega frá samþykktum þess.

Samþykkt í leikskólanefnd Garðabæjar 7. mars 2023